

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Orðið »Landhlauparaprókúrador« í sóknarskjali áfrýjanda ómerkist. Áfrýjandi Erasmus Gíslason greiði stefnda Oddi Gíslasyni málskostnað fyrir yfirdómi með 40 krónum. Áfrýjandi greiði og sekt 40 kr., helminginn í landssjóð og helminginn í fátækra sjóð Reykjavíkur.

Málskostnaður og sekt greiðist innan 8 vikna eftir lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn 7. apríl 1919.

Nr. 66/1918:

Björn Gíslason
gegn
Oddi Gíslasyni og
Jóhannesi Jóhannessyni
bæjarfógeta.

D ó m u r:

Áfrýjandi Björn Gíslason kaupmaður í Reykjavík höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda yfirréttarmálaflutningsmanni Oddi Gíslasyni sama staðar til greiðslu skaðabóta 65000 kr. fyrir atvinnuróg og lánsstraustspjöll, ásamt vöxtum af upp-

hæð þessari 5 % frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnaði, en með dómi bæjarþingsins, uppkveðnum 7. nóvbr. f. ár, var stefndi sýknaður í málinu og málskostnaður látiun falla niður. Þessum dómi hefur Björn Gíslason skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 26. nóvbr. f. á. og gert þær réttarkröfur að dómnum verði hrundið og breytt þannig, að kröfur hans fyrir bæjarþinginu verði teknar til greina og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 65000 kr. með 5 % ársvöxtum frá sáttakærudegi og málskostnað að skaðlausu fyrir báðum réttum. Ennfremur stefnir hann undirdómaranum bæjarfógeta Jóhannesi Jóhannessyni til þess in solidum með stefnda að greiða hina umstefndu upphæð 65000 kr., og til að líða hegningu fyrir ólöglega meðferð málsins, »vegna þess að honum hljóti að hafa verið ljóst að dómur hans var rangur«. Af hálfu stefnda Odds Gíslasonar er þess krafist að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Svo er þess og krafist að orð nokkur í sóknarskjali áfrýjanda verði dæmd dauð og ómerk, og áfrýjandi sektaður fyrir þau.

Áfrýjandi skýrir svo frá málavöxtum, að hann hafi verið í Kaupmannahöfn í febrúar og marsmánuði í fyrra, og hafi gert vörukaupasamninga við ýms firmu þar, og hafi honum verið heitið mjög góðum borgunarskilmálum, en litlu síðar hafi hann fengið tilkynningu um það, að ekkert gæti orðið úr þessum viðskiftasamningum, og að hann gæti ekki felgið neinar vörur nema gegn borgun við móttöku. Þessi

synjun á gjaldfresti segir áfrýjandi að stafi af upplýsingum sem meðsemjendur hans hafi fengið frá stefnda. Stefndi hafi með þessu gert sig sekan í atvinnurógi, spilt lánstrausti áfrýjanda og bakað honum skaða, er hann verði að bæta fyrir, og sé bóta þeirra nú krafist í þessu máli. En áminstar upplýsingar felist í símskeyti frá stefnda til verslunarfélags í Kaupmannahöfn, dags. 8. mars f. á., er hljóðar svo á ensku: »Björn Gíslason not solid and not good any credit. Discretion«. Stefndi kannast við að hafa sent símskeyti þetta; hafi hann sent það sem svar uppá fyrirspurn um, hvort áfrýjandi væri »góður fyrir 15000 kr. kredit«, og eigi svarið að þýða það, að hann »áliti áfrýjanda eigi góðan fyrir kredit og eigi solid í þeim skilningi«. Þetta álit sitt þykir honum sér hafa verið skylt að láta fyrirspyrjanda í té. Það verður nú að teljast leiða af stöðu áfrýjanda sem málaflutningsmanns, að honum hafi verið heimilt að svara fyrirspurn verslunarfélagsins, og hafi hann svarað henni eftir því sem hann vissi sannast og réttast og með nægilegri gætni og varkárni, verður hann ekki sakaður fyrir það álit, sem hann hefir látið uppi í svarinu. Ekkert er það komið fram í málinu, er bendi til þess, að stefndi hafi í svarinu sagt annað en það, er hann áleit satt og rétt og, eftir þeim skýrslum, sem fram eru komnar og óvefngdar eru um hagi áfrýjanda, sjerstaklega það, að fyrir nokkrum árum var auglýst að bú hans væri tekið undir gjaldprotaskifti, án þess að síðar hafi verið auglýst að gjaldprotin væri niðurfallin, og að

áfrýjandi hefir síðan eigi rekið fasta atvinnu, hafði stefndi ástæðu til að ætla að álit sitt væri rétt, og verður honum því eigi borin á brýn óvarkárni eða gáleysi, er hann svarað fvrirspurninni á þá leið, er að framan segir, og verður þá ekki sakaður um svarið, þótt það kunni að hafa orðið til þess, að spilla að einhverju leyti lánstrausti áfrýjanda erlendis, [sem annars er eigi sannað nægilega gegn eindreginni neitun stefnda, því að í þessa átt hnigur að eins eitt sönnunargagn áfrýjanda, sem sje brjef C. B. Eyjólfssonar, dags. 9. mars 1918. Af þessum rökum verður að sýkna stefnda í málinu, og staðfesta bæjarþingsdóminn í öllum greinum, og eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 kr. — Undirdómarinn hefir eigi mætt í málinu, en hann sýknast fyrir órökstuddum og rakalausum kröfum áfrýjanda.

Í sóknarskjölum sínum fyrir yfirdómi hefir áfrýjandi meðal annars sagt um stefnda: »Þessi mannsmynd í sæti yfirréttarmálaflutningsmanns« og talað um »rógburð« hans og »róg« hans, og verður eftir kröfu stefnda að dæma þessi orð ómerk og sekta áfrýjanda fyrir þau. — Fyrir undirrettinum hefur áfrýjandi lagt fram með málskjölum sínum 1. og 2. tölublað af smáblaðinu »Kári«. Fyrir þetta mál hafa blöð þessi enga þýðingu, en í þeim eru greinar með skammaryrðum um yfirdóminn, yfirdómarana, dómarastétt landsins og aðra. Yfirleitt eru blöðin ósæmileg málskjöl, og verður áfrýjandi að sektast fyrir óhæfilega málsfærslu, er hann lagði þau fram.

Í sóknarskjali fyrir undirréttinum, dags. 26. sept. f. á., segir áfrýjandi: »Skal eg aðeins lýsa stefnda sem og þá er kveðið hafa upp téðan dóm (☉: yfirréttardóm 13. ág. 1917) opinbera ósannindamenn að því, að eg ætti nokkurn þátt í því, sem þeir dróttu að mér í nefndum dómi«. Það er aðfinningarvert að undirdómarinn hefir ekki látið áfrýjanda sæta ábyrgð fyrir þennan ósæmilega rithátt, og verður nú að sekta hann fyrir öll þessi réttarfarslegu afbrot samkvæmt N. L. 1—12—1 og tilsk. 23. desbr. 1735, 2. gr. Akveðst sektin 60 kr. og renni að helmingi í landssjóð en að helmingi í fátækra sjóð Reykjavíkur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Framangreind orð í sóknarskjölum áfrýjanda ómerkjast. Áfrýjandi Björn Gíslason greiði stefnda Oddi Gíslasyni málskostnað fyrir yfirdómi 40 kr. Áfrýjandi greiði og 60 kr. sekt, helminginn í landsjóð og helminginn í fátækra sjóð Reykjavíkur. Málskostnaður og sekt greiðist innan 8 vikna eftir lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.